



„Gagnlegast að sjá þessa hluti sem maður sér ekki venjulega“: Starfendarannsókn um mat á námi og vellíðan leikskólabarna af erlendum uppruna

Agnes Gústafsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Þessi grein fjallar um starfendarannsókn sem framkvæmd var á einni deild í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu veturinn 2017–2018. Alls tóku sjö starfsmenn þátt í þessum hluta rannsóknarinnar sem er hluti af stærri rannsóknarverkefni á vegum RannUng sem ber heitið *Mat á námi og vellíðan barna* og eru þátttökuskólarnir fimm talsins. Markmið rannsóknarverkefnisins í heild var að þróa leiðir til þess að meta nám og vellíðan barna í hverjum leikskóla fyrir sig. Þátttakendur, í þeim leikskóla sem hér er fjallað um, völdu að nýta námssöguskráningar og ákváðu að skoða sérstaklega nám og vellíðan barna af erlendum uppruna. Áhersla var lögð á að fylgjast með og skrá breytingaferlið sem átti sér stað.

Niðurstöðurnar benda til þess að námssöguskráningar geti nýst vel til þess að meta nám og vellíðan barna í leikskólum þar sem er fjölbreyttur barnahópur. Með námssöguskráningum lærði starfsfólk deildarinnar að lesa betur í margs konar tjáningu barna af erlendum uppruna sem gerði þeim kleift að hlusta betur eftir sjónarmiðum þessa barnahóps. Jafnframt sýna niðurstöðurnar að miklar hugarfarsbreytingar áttu sér stað hjá starfsfólkinu í gegnum ferli rannsóknarinnar. Þátttakan í starfendarannsókninni hafði áhrif á hugmyndir starfsfólksins um *mat á námi og vellíðan barna* og námssöguskráningarnar opnuðu augu þeirra fyrir styrkleikum og áhugasviði barnanna. Í gegnum ferli rannsóknarinnar urðu töluverðar breytingar á því hvað starfsfólkinu fannst mikilvægast að meta í leikskólastarfinu. Í lok rannsóknarinnar sá það mikilvægi þess að leggja áherslu á að meta þætti sem tengjast vellíðan barna betur en í upphafi. Þátttaka í rannsókninni virtist hafa meiri áhrif á hugmyndir leiðbeinenda um *mat á námi og vellíðan barna* en starfsmanna sem voru háskólamenntaðir.

Efnisorð: Leikskóli, starfendarannsókn, fjölmening í leikskóla, námssögur, mat, nám, vellíðan

Inngangur

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) á mat á námi, þroska og velferð barna að fela í sér upplýsingasöfnun um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Tilgangur upplýsingaöflunarinnar er margþættur. Upplýsingarnar nýtast meðal annars til þess að styðja við frekara nám og velferð barna en einnig skal taka tillit til þeirra við skipulagningu leikskólastarfsins og í tengslum við foreldrasamstarf. Skipulagning,

skráning, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð á að vera samþætt ferli í daglegu starfi leikskólans. Þar sem börn tjá sig á ólíkan hátt er mikilvægt að mat í leikskóla sé einstaklingsmiðað. Með því að beina sjónum að áhuga og hæfni hvers barns eflist sjálfstraust og sjálfsmýnd þess og um leið er verið að stuðla að jafnrétti til menntunar. Í aðalnámskránni kemur jafnframt fram að hver leikskóli þurfi að þróa fjölbreyttar aðferðir við að skrá og greina upplýsingar um þroska, nám, vellíðan og færni barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Til að matið nái til allra þessara þátta, þarf að beita fjölbættum aðferðum við það. Ein slík skráningar- og matsaðferð kallast námssögur og verður fjallað nánar um hana í þessari grein. Markmiðið með námssöguskráningum er að greina og meta styrkleika, áhuga og virkni barna í samvinnu við önnur börn (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012). Í *Þemahefti um námsmat í leikskólum* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) kemur fram að námssöguskráning felur í sér að leikskólakennarinn skráir stutta sögu um barn eða barnahóp í margs konar aðstæðum. Samskipti, athafnir og verkefni barnsins eru skráð með margvíslegum hætti, t.d. með ljósmyndum, hljóðupptökum, myndbandsupptökum, skriflegri skráningu og verkum barnsins. Leikskólakennarinn skráir einnig hjá sér útskýringar á því sem hann sér í aðstæðunum. Sagan er síðan ígrunduð með samstarfsfólki, foreldrum og barninu sjálfu til þess að læra meira um námið sem á sér stað hjá barninu. Þessum sjónarhornum er síðan bætt við námssöguna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Sérstök áhersla er lögð á að meta vellíðan barna og hneigð þeirra til náms þegar námssögur eru skráðar (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012). Hugtakið vellíðan (e. wellbeing) tengist sjálfsmýnd barnsins, líðan þess, samskiptum og þátttöku í leikskólastarfinu (Carr, 2001). Hugtakið tengist einnig beint einu af námssviðum leikskólanna, heilbrigði og vellíðan (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Hneigð barns til náms (e. learning disposition) birtist í viðbrögðum þess og gagnkvæmum tengslum í leikskólaumhverfi. Hneigð til náms má greina í fimm þætti: 1) hvernig barn sýnir ákveðnum viðfangsefnum eða aðstæðum áhuga, 2) hvernig það bregst við aðstæðum eða tekur þátt í athöfnum, 3) hvernig barnið tekst á við erfiðleika eða óöryggi, 4) hvernig barnið tjáir sig við aðra og 5) hvernig það axlar ábyrgð (Carr, 2001). Þannig má segja að skráning námssagna feli í sér fjölbreytt mat sem tengist líðan barna og félagslegum samskiptum í leikskóla.


Markmið starfendarannsóknarinnar sem sagt er frá í þessari grein var að þátttakendur myndu velja matsaðferð til að meta nám og vellíðan barna. Jafnframt að þeir myndu ná tökum á að nýta hana í starfi sem skráningar- og matstæki og þróa áfram í kjölfarið í takt við áherslur leikskólans.

Eftir kynningu á ólíkum matsaðferðum var ákveðið að nýta námssögur sem matsaðferð og þar sem fjöldi barna af erlendum uppruna hafði aukist í leikskólanum, var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á að meta nám og vellíðan þeirra. Í greininni verður því byrjað á að segja stuttlega frá fjölmenningarlegu leikskólastarfi. Einnig verður fjallað um mat á námi og vellíðan leikskólabarna af erlendum uppruna og hvernig námssögur nýtast í slíku mati.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar út frá þremur þemum sem birtust við gagnagreiningu. Í fyrsta lagi verður sagt frá þróun námssöguskráninganna í gegnum rannsóknarferlið og í öðru lagi breytttri sýn til barna af erlendum uppruna. Í þriðja lagi verður sagt frá breyttum hugmyndum þátttakenda um *mat á námi og vellíðan barna*.

Fjölmenningarlegt leikskólastarf

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið í íslenskum skólum á undanförunum árum. Tölur frá Hagstofu Íslands sýna að börnum í leikskólum með erlent móðurmál hefur fjölgað töluvert á árunum 1998–2016 um landið allt; árið 1998 voru þau 572 talsins en 2.410 árið 2016 (Hagstofa Íslands, e.d.). Mynd 1 sýnir aukninguna greinilega, á lóðrétta ásnum er fjöldi barna og ártalið á þeim lárétta.



Mynd 1. Börn með erlent móðurmál í leikskólum á Íslandi á árunum 1998–2016 (Hagstofa Íslands, e.d.).

Þessi stóri hópur barna hefur rétt á því að fá uppeldi og menntun þar sem tekið er tillit til menningaruppruna þeirra og tungumáls (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004). Þetta getur reynst skólum krefjandi verkefni enda er heildarstefnumótun í málafnum nýrra íbúa á Íslandi flókin, því að hver og einn einstaklingur innan hópsins hefur sérstaka sögu, menningu, aðstæður og þarfir (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Skólakerfið stendur því frammi fyrir fjölda áskorana sem það er ekki nægjanlega undirbúið fyrir (Hanna Ragnarsdóttir, 2012). Börn þurfa að finna fyrir öryggi og sjálfstrausti í leikskólanum til þess að þroskast og læra sem einstaklingar. Þess vegna er mikilvægt að umhverfið, önnur börn og fullorðnir virði og viðurkenni sérstöðu og bakgrunn hvers barns og fjölskyldu þess (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Aðrir þættir, sem huga þarf sérstaklega að í fjölmenningslegu samfélagi leikskólans er menning leikskólans og viðhorf leikskólakennara og annars starfsfólks. Grundvallarviðhorfin í menningu leikskólans þurfa að vera hliðholl fjölbreytileikanum og virða jafnan rétt allra barna til að þroskast og dafna og með því móti að skapa öllum börnum traustan grunn í leikskólanum. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar sýndu að menning leikskóla hér á landi er ekki alls staðar jafn hliðholl erlendum börnum. Þar kemur fram að börn geta orðið utanveltu og sjálfsmýnd þeirra getur skaðast ef menning leikskóla felur í sér þau viðhorf að einungis skuli ríkja íslensk menningarhefð og íslenskt tungumál þar sem leikskólinn sé á Íslandi (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Þá hefur íslensk rannsókn jafnframt leitt í ljós að nemendur af erlendum uppruna upplifi jaðarstöðu og að framlag þeirra til skólastarfsins sé vanmetið (Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Ein leið til að valdefla börn af erlendum uppruna er að byggja nám þeirra á þeim auðlindum sem þau koma með í skólann. Hefðir og venjur innan menningarsamfélags sem einstaklingar hafa alist upp í móta auðlindir þeirra, sem þeir síðan nýta til að skilja og takast á við umhverfið sem þeir flytja í. Leikskólakennarar sem koma auga á og nýta auðlindir sem styrkleika geta styrkt sjálfsmýnd barnanna og haft valdeflandi áhrif á þau. Við aðstæður í skólastarfi þar sem leikskólakennarar átta sig ekki á styrkleikum barna og telja þá frekar vera veikleika, er um dulda auðlind að ræða. Þetta getur til dæmis komið fram þegar barn hefur lært síði og sögur sem tengjast upprunamenningu þess, en lítið er á það sem vanda í leikskólanum að barnið þekki ekki íslenska síði og viti t.d. lítið um íslenskar þjóðsögur. Komi leikskólakennarar auga á auðlindir barns og virki þær, líti á þær sem styrkleika, þá er hægt að skapa aðstæður þar sem auðlindir barnsins nýtast í námi þess, í nýju menningarlegu samhengi (Hafdís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir, 2016). Ýmsar sérþarfir og eiginleikar

einstaklinga eru notuð til að flokka fólk sem síðan getur leitt til stimplunar, jaðarsetningar og útskúfunar. Þegar eiginleikum eða einkennum einstaklinga eru gefin neikvæð formerki og væntingar samfélagsins til þeirra einkennast af félagslegri fordæmingu er um stimplun að ræða (Hermína Gunnþórsdóttir, 2016). Ef litið er á sérþarfir og takmarkanir einstaklinga sem vöntun eða erfiðleika er líklegt að gert sé ráð fyrir því að þeir séu betur settir án þeirra. Hins vegar er líklegt að litið verði á sérþarfir sem eðlilegan og vænlegan hluta mannlegs samfélags, ef viðhorfið er að þessar þarfir séu órjúfanlegur hluti af einstaklingum og hluti af fjölbreytileika mannlífsins (Sigrún Arna Elvarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2014). Þetta hefur einnig verið nefnt vöntunarsjónarhorn (e. deficit discourse) og hefur áhrif á fjölda barna sem tilheyra minnihlutahópum. Þá getur viðhorf samfélagsins til fjölbreyttra hópa gert ráð fyrir ákveðinni vöntun og á sama tíma er ekki verið að líta til þeirra styrkleika og auðlinda sem einstaklingurinn býr yfir (Dyson, 2015). Mikilvægt er að litið sé á tvítyngi sem kost í stað þess að sjá það sem hindrun eða vandamál í samskiptum (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Tvítyngi er ómetanleg auðlind í ört minnkandi heimi þar sem tvítyngd börn fá innsæi í tvo menningarheima, ásamt því að fá betri skilning á eðli tungumála og hver áhrif menningar eru á viðhorf og hegðun fólks (Birna Arnbjörnsdóttir, 2000).

Viðhorf kennara til mismunandi getu nemenda skiptir miklu máli í menntun án aðgreiningar (Hafðís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2009). Mikilvægt er að fólk, sem starfar með leikskólakörnum af erlendum uppruna, sé meðvitað um eigin viðhorf og skoðanir, því að fordómar skila sér fljótt til ungra barna. Í leikskólum þarf að skapa jákvætt viðhorf til ólíks uppruna, menningar, trúarbragða og eiginleika barnanna. Hlúa þarf vel að börnum í þessu nýja umhverfi og skapa þeim traustan grunn og þannig er hægt að byggja upp velgengni þeirra og velferð í samfélaginu (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Vegna þess hve vellíðan barna skiptir ótvírætt miklu máli í tengslum við nám og þroska þeirra (Mashford-Scott, Church og Tayer, 2012) þurfa leikskólar að geta metið vellíðan barna af erlendum uppruna og gert ráðstafanir út frá niðurstöðunum til að efla börnin enn frekar. Þátttaka foreldra í mati á námi og vellíðan barna skiptir einnig miklu máli. Þeir búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu á börnum sínum og getur mat sem unnið er í samstarfi við foreldra stuðlað að auknum skilningi og innsýn í námsferli, áhuga og styrkleika barna. Upplýsingar sem fást úr slíku mati geta auðveldað foreldrum að styðja við börn sín heima fyrir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Í nýlegri íslenskri rannsókn er greint frá því með hvaða hætti leikskólum hefur tekist að mæta þörfum barna og foreldra af erlendum uppruna og virkja þau til þátttöku (Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir, 2016). Þátttökuskólarnir höfðu þróað sínar eigin aðferðir í samstarfi við foreldra sem byggðust á námi án aðgreiningar og félagslegu réttlæti. Í rannsókninni kom meðal annars fram að þegar foreldra- og barnahópar væru fjölbreyttir væri mikilvægt að beita ekki sömu aðferðum og þar sem hópurinn væri einsleitari. Leikskólakennarar og stjórnendur þátttökuskólanna höfðu þróað viðhorf sín, vinnubrögð og næmi fyrir ólíkri menningu og skapað þannig skólamenningu þar sem allir eru velkomnir (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016).

Það er því ljóst að fjölgun barna af erlendum uppruna í íslenskum leikskólum, og þar af leiðandi margbreytilegri barnahópar, kalla á breytt vinnubrögð leikskólakennara. Í tengslum við þessar breytingar þurfa leikskólakennarar á stuðningi og samvinnu hver annars að halda. Þeir þurfa að fá tækifæri til samstarfs við aðra leikskólakennara og leiðbeinendur í leikskólanum, og einnig við foreldra og börn. Þess vegna er mikilvægt að leikskólakennurum og leiðbeinendum sé gefinn tími og svigrúm til samvinnu og faglegra samræðna. Jafnframt skiptir máli að þeir fái stuðning í þessu breytingaferli á starfsháttum sínum (Hafðís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010). Viðhorf leikskólastjórnenda skiptir því sköpum hvað þetta varðar þar sem að þeir sjá um að skipuleggja starfið og geta gefið svigrúm fyrir faglegt samtal í daglegu starfi (Gordon, 2008).

Mat á námi og vellíðan leikskólabarna af erlendum uppruna

Í fjölbreytilegum barnahópi getur reynst erfitt að meta nám og vellíðan með formlegum matsaðferðum, sem til dæmis geta gefið ranga mynd af stöðunni. Ein leið er að beita skráningum en þannig gefst leikskólakennaranum kostur á að afla fjölbreytilegri gagna og veita innsýn í það sem skráð er. Með skráningum nýtir kennarinn sérfræðiþekkingu sína og geta þau sjónarmið, sem kennarinn dregur fram með skráningum, veitt annars konar og ef til vill gagnlegri upplýsingar en gátlisti. Kennarinn getur með skráningunum dregið fram styrkleika og hæfileika barnanna (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Reykjavíkurborg, e.d.).

Aukinn margbreytileiki leikskólabarna kallar á breyttar matsaðferðir í leikskólum (Buldu, 2010). Öll börn eigi rétt á mati sem styður við nám þeirra og þroska og tekur jafnframt tillit til þarfa þeirra og félagslegra aðstæðna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Mikilvægt er að taka mið af því að börn koma í leikskóla með mismunandi bakgrunn og reynslu. Foreldrar barnanna hafa einnig eigin sjónarmið um hvað sé börnum þeirra fyrir bestu og hafa mismunandi væntingar til leikskólans (Buldu, 2010).

Ein skráningaráðferð sem reynst hefur vel sem matstæki í leikskólum eru námssögur (e. learning stories) sem þróaðar voru á Nýja Sjálandi (Carr, 2001; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008). Námssöguskráning var upphaflega þróuð til að meta nám barna af ólíkum uppruna með því að vefa saman ólík gildi menningar þeirra. Markmið námssagna er að skrá og meta styrkleika og áhuga barna, ásamt því að skoða virkni þeirra í samvinnu við önnur börn (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Sögurnar eru skráðar í fjölbreyttum aðstæðum og er lögð áhersla á að skrá félagslega og tilfinningalega þætti ásamt því að vellíðan barna og hneigð til náms er metin (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Bent hefur verið á að séu námssögurnar gerðar í samvinnu við börn, veiti þær innsýn í félagslegt samhengi náms og nýtist til þess að greina hvaða merkingu börnin sjálf leggja í námið sem fram fer í leik þeirra og sköpun (Carr, 2014; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Peters, 2009). Ætla má að námssögur geti verið gott verkfæri til að meta nám og vellíðan barna af erlendum uppruna. Ástæðan er sú að aðferðin gerir ráð fyrir að lesið sé í margbreytilegan tjáningarmáta barna og styrkleikar þeirra skráðir, án þess að hafðir séu til hliðsjónar matslistar sem byggja á viðmiðum ríkjandi menningar samfélagsins. Jafnframt gera staðlaðir matslistar fremur ráð fyrir að barnið geti tjáð sig með orðum og því hætt við að slíkt mat á stöðu barnsins gefi ranga mynd af getu þess.

Engin ein rétt leið er til þess að skrá námssögur þó að ákveðnir þættir einkenni þær. Leikskólakennarar geta því mótað eigin leiðir til að skrá námssögur með hliðsjón af aðstæðum og hvað hentar hverjum og einum best við skráningu og utnumhald. Ný tölvutækni hefur fjölgað tækifærum til að fanga og skrá námsferli barna og getur jafnvel auðveldað þátttöku barna við skráningar (Alvestad og Sheridan, 2015). Þar sem margir leikskólar eru komnir með spjaldtölvur er kjörið að nýta þær við skráningar. Spjaldtölvurnar eru meðfærilegar og fela í sér allt í senn; myndavél, skráningarforrit og geymslu. Hægt er að skrá sögurnar í ýmis forrit og eitt þeirra sem getur nýst vel við skráningar í leikskólum er smáforritið Book Creator.

Með Book Creator er m.a. hægt að búa til rafbækur og vista þær í margvíslegu formi. Með forritinu má taka myndir, setja inn myndir, skrifa texta, teikna og bæta við hljóði eða tónlist. Með forritinu er auðvelt að deila rafbókunum og gera starfið þannig sýnilegt öðrum innan leikskólans og einnig með því að miðla upplýsingum til foreldra um leikskólastarfið og nám barna þeirra (Hólmsfríður Árnadóttir, Íris Hrönn Kristinsdóttir, Rannveig Oddsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir, 2016).

Rannsóknaraðferð og ferli rannsókna

Rannsóknin er starfendarannsókn (e. action research) með samstarfssniði sem var framkvæmd á einni deild í fjögurra deilda leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið starfendarannsókna er að breyta og bæta skólastarf og hafa þær reynst vel til faglegrar þróunar kennara. Í starfendarannsóknum eru þátttakendur sjálfir rannsakendur, þeir ígrunda eigið starf og starfshætti og þróa það sem betur má fara. Í samstarfsrannsóknum (e. collaborative action research) vinna kennarar á vettvangi náð með utanaðkomandi rannsakanda sem styður þá í gegnum rannsóknarferlið (Koshy, 2010; McNiff, 2010).

Í starfendarannsóknum er gögnum safnað á fjölbreyttan hátt en aðferðirnar ráðast af markmiðum og kringumstæðum hverrar rannsóknar (Koshy, 2010; McNiff, 2010). Gögnum fyrir þessa rannsókn var í fyrsta lagi safnað með einstaklingsviðtölum við starfsfólk, tveimur við hvern þátttakanda, í upphafi starfendarannsóknarinnar og við lok hennar. Einnig var tekið viðtal við leikskólustjóra í lok starfendarannsóknarinnar. Stuðst var við viðtalsramma sem notaður var fyrir alla þátttökuskóla verkefnisins *Mat á námi og vellíðan barna*, þar sem leitast var við að fá fram viðhorf starfsfólks til mats á námi og vellíðan í leikskóla, til matsaðferða, vellíðunar barna og til leiks og náms í leikskóla. Í þessari rannsókn var jafnframt spurt sérstaklega út í *mat á námi og vellíðan barna* af erlendum uppruna, þar sem það var viðfangsefnið sem þátttakendur vildu leggja sérstaka áherslu á. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt. Í öðru lagi byggir rannsóknin á dagbókarfærslum rannsakanda, sem skráði hjá sér fundargerðir, vettvangsnótur og eigin hugleiðingar reglulega í gegnum ferlið.

Þátttakendur og vettvangur rannsóknarinnar

Leikskólinn sem rannsóknin fór fram í er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu. Lífsgleði er leiðarljós leikskólastarfsins og í leikskólanum er lögð áhersla á skapandi starf og opinn efnivið. Einnig er stuðst við SMT skólafærni (e. School Management Training) þar sem vinnubrögð starfsfólks eru samræmd til þess að mæta margbreytilegum nemendahópi og stuðla að jákvæðu andrúmslofti í skólasamfélaginu (Þuríður Sigurðardóttir, Anna María Frímansdóttir, Margrét Sigmarsdóttir og Edda Vikar Guðmundsdóttir, 2018). Í leikskólanum hefur verið stuðst við AHA-skráningar. Sú skráningaraðferð felur í sér beina athugun á þeim aðstæðum þar sem erfið hegðun birtist og er áhersla lögð á að skoða aðdraganda, hegðun og afleiðingar í þeim aðstæðum (Anna-Lind Pétursdóttir, Lucinda Árnadóttir og Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir, 2012).

Í leikskólanum eru fjórar deildir en starfendarannsóknin snerist um þátttöku starfsfólks á einni deildinni, auk þess sem leikskólustjóri fylgdist með ferlinu og tók þátt í að meta það í lokin. Á deildinni voru 22 börn á aldrinum þriggja til fjögurra ára og fimm starfsmenn. Töluverð starfsmannavelta var meðan á rannsókninni stóð þannig að tveir starfsmenn hættu þátttöku áður en rannsókninni lauk og aðrir þrír hófu þátttöku í miðju ferlinu. Í upphafi voru þátttakendur af deildinni einn leikskólakennari og þrír leiðbeinendur og leikskólustjóri ásamt tengilið sem er þroskaþjálfari. Deildarstjórinn og einn leiðbeinendanna forfölluðust um miðja rannsókn og þrír þátttakendur bættust við í þeirra stað; leikskólakennari, leiðbeinandi og háskólamenntaður deildarstjóri. Þátttakendur, sem hér eru kynntir með dulnefni, voru sjö talsins í lok rannsóknar, þ.e. einn háskólamenntaður deildarstjóri, einn þroskaþjálfari, einn leikskólakennari, þrír leiðbeinendur og leikskólustjóri. Leikskólakennarinn starfaði ekki á deildinni en kom inn í verkefnið frekar sem stuðningur við hina þátttakendurna heldur en beinn þátttakandi. Tafla 1 sýnir hvaða starfsmenn tóku beinan þátt í rannsókninni.

Tafla 1. Þátttakendur í starfendarannsókninni.

Tímalína verkefnis	Upphaf	Miðbik	Lok
Þátttakendur í öllu verkefninu			
Helga leikskólastjóri			
Guðrún þroskaþjálfari og tengiliður við Háskólann			
Anna leiðbeinandi			
María leiðbeinandi			
Þátttakendur í hluta verkefnisins			
Jóna deildarstjóri			
Pálína leiðbeinandi			
Sigríður deildarstjóri með B.S. próf í sálfræði			
Björk leiðbeinandi			
Kristín leikskólakennari starfandi á annarri deild			

Þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki þar sem markmið rannsóknarinnar kom fram og útskýrt var hvað fólst í þátttökunni. Starfsfólki var einnig gert ljóst að það gæti dregið þátttöku sína til baka á öllum stigum rannsóknarinnar. Jafnframt var fyllsta trúnaðar gætt við meðferð og úrvinnslu gagna og því var öllum þátttakendum og leikskólanum gefið dulnefni. Foreldrar barnanna á deildinni voru upplýstir um rannsóknina í gegnum tölvupóst og um leið var þeim heitið trúnaði varðandi persónuupplýsingar um börnin.

Viðfangsefni og rannsóknarspurningar

Í upphafi verkefnisins fengu þátttakendur kynningu á ólíkum matsaðferðum á vegum RannUng og óskuðu síðan eftir nánari kynningu á námssöguskráningum. Út frá því völdu þeir að prófa sig áfram með námssöguskráningar sem aðferð til að meta nám og vellíðan barna á deildinni. Fljótlega var síðan ákveðið að afmarka viðfangsefnið og einblína á að skrá sérstaklega námssögur um börn af erlendum uppruna. Þessi ákvörðun var tekin vegna þess að stór hluti barnanna í leikskólanum var af erlendum uppruna og fannst starfsfólkinu sig vanta betri leið til að kynnast þessum börnum og átta sig á styrkleikum þeirra. Markmið starfendarannsóknarinnar var því að þátttakendur myndu prófa að nýta námssögurnar, ná tókum á þeim sem skráningar- og matstæki og þróa þær áfram í kjölfarið. Eftirfarandi rannsóknarspurningar leiddu rannsóknina:

Hvaða áhrif hefur þátttaka í starfendarannsókn á hugmyndir og viðhorf starfsfólks leikskóla varðandi *mat á námi og vellíðan barna*?

Hvernig þróast námssöguskráningar í gegnum ferli starfendarannsóknar?

Hver er meginávinningur og helstu áskoranirnar við að nýta námssöguskráningar í leikskólastarfi?

Hver er ávinningur þess að nota námssöguskráningar til að meta nám og vellíðan leikskólabarna af erlendum uppruna?

Til að ná fram markmiðunum voru rannsóknargögnin flokkuð og greind með þemagreiningu þar sem dregin voru fram þemu sem birtust ítrekað í gögnunum (Braun og Clarke, 2006). Niðurstöðurnar verða settar fram út frá þemunum sem birtust.

Niðurstöður

Markmið þessarar starfendarannsóknar var að þátttakendur myndu velja matsaðferð til að meta nám og vellíðan barna. Jafnframt að þeir myndu ná tókum á að nýta hana í starfi sem skráningar- og matstæki og þróa áfram í kjölfarið í takt við áherslur leikskólans. Þátttakendur rannsóknarinnar völdu að einblína á að tengja þessi markmið við börn af erlendum uppruna.

Ákveðið var að nýta námssöguskráningar sem matsaðferð og því var lögð áhersla á að skrá áhuga og styrkleika barnanna, styðja þau í athöfnum sínum og jafnframt veita foreldrum innsýn í skólastarfið. Við gagnagreiningu birtust þrjú þemu og verða niðurstöðurnar kynntar út frá þeim. Í fyrsta lagi hafði þátttakan í starfendarannsókninni áhrif á hugmyndir og viðhorf starfsfólksins um *mat á námi og vellíðan barna* almennt. Í öðru lagi kom skýrt fram hvernig námssöguskráningarnar þróuðust meðan á verkefninu stóð. Í þriðja lagi var greinilegt að verkefnið hafði áhrif á sýn starfsfólksins á börn af erlendum uppruna. Jafnframt verður greint frá þeim þáttum sem helst höfðu áhrif á framkvæmd rannsóknarinnar.

Breyttar hugmyndir um mat á námi og vellíðan barna

Ein af rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með tengdist því að skoða hvort þátttaka í starfendarannsókninni hefði áhrif á hugmyndir og viðhorf starfsfólksins til mats á námi og vellíðanar barna í leikskóla. Niðurstöðurnar sýna að það var mjög einstaklingsbundið hvort og hvernig þátttakan í verkefninu hafði áhrif á hugmyndir og viðhorf þeirra. Menntun virtist hafa áhrif í þessum efnum þannig að þeir sem höfðu meiri menntun og starfsreynslu að baki, töldu hugmyndir sínar og viðhorf um mat hafa breyst lítið eða ekkert. Sami hópur hafði þar að auki meiri þekkingu á mati og sterkari skoðun á viðfangsefninu í upphafi verkefnisins, heldur en þeir sem höfðu minni menntun og reynslu. Til dæmis var Guðrún, þroskaþjálfari, spurð hvort viðhorf hennar hefði breyst í gegnum ferlið. Hennar svar sýnir að menntun hennar og reynsla virtust hafa áhrif:

Nei, ég hugsa að mér finnst þetta bara svipað, mér finnst mikilvægt að halda einhverja skrá um það sem er að gerast, framfarir eða hvað það er og mér finnst það alveg enn þá eftir þetta verkefni, það hefur ekkert breyst eitthvað þannig.

Hins vegar töldu þátttakendur með minnstu starfsreynsluna hugmyndir sínar og viðhorf um mat á námi og vellíðan hafa breyst í gegnum starfendarannsóknina. Ástæðuna töldu þeir vera þá að þeir höfðu ekki velt mati fyrir sér áður og vissu jafnvel ekki hvað það var. Björk, leiðbeinandi, segir frá þessu: „Sko, ég náttúrulega vissi ekkert hvað það [mat] var í byrjun. Þannig að það hefur breyst helling. Ég lærði fullt af nýjum hlutum og það var ógeðslega gaman.“

Í lok verkefnisins var ljóst að mestu breytingarnar varðandi hugmyndir og viðhorf þátttakenda um mat, tengdust því sem þeim fannst mikilvægast að meta í starfinu. Í upphafi verkefnisins nefndu þeir aðallega að mat ætti að tengjast þekkingu, þroska og hegðun barna. Í lokin voru hins vegar þættir sem tengjast líðan barna oftast nefndir sem mikilvægir matsþættir. Björk, sem starfaði sem leiðbeinandi, taldi upp þætti sem henni þótti mikilvægt að meta.

Er barnið ánægt? Er barnið að taka þátt? Finnst barninu skemmtilegt? Finnst barninu spennandi? ...byrjar barnið að brosa þegar það kemur að verkefninu? Verður það spennant um leið og ég byrja að segja frá því hvað við erum að fara að gera?...bara almenn hamingja barnsins, þú veist.

Þegar hún var spurð hvort hún væri ánægð með það mat sem framkvæmt væri sagði hún jafnframt:

...mér finnst oft kannski frekar verið að meta meira líkamlegu hliðina en andlegu hliðina hérna. Sem er svo sem mikilvægt líka en hin finnst mér gleymast stundum svolítið í leiðinni... eins og gleði við þátttöku og svoleiðis. Þetta er ekkert eitthvað sem að ég tók svo sem eftir fyrst en tek alveg eftir því núna. Það samt sagði mér enginn að það væri eitthvað sem skipti í raun og veru máli...

Út frá þessu virðist vera greinilegt að Björk vill leggja áherslu á að meta þætti sem tengjast líðan barna.

Þróun námssöguskráninga í leikskólanum

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að þátttakendur prófuðu sig áfram með að nota námssögur sem matsaðferð. Í fyrstu reyndist þátttakendum erfitt að finna hvað ætti að skrá í námssögnum og sóttust eftir að fá í hendurnar tilbúið staðlað form til að fylla inn í. Eftir að ákveðið var að hver og einn skyldi byrja á því að fylgjast með einu barni reyndist auðveldara að einbeita sér að því að skrá athafnir barnsins. Gögnin sýna vel hvernig námssöguskráningarnar þróuðust í gegnum ferlið. Fljótlega í ferlinu var ákveðið að þrengja viðfangsefnið enn meira og fylgjast sérstaklega með börnum af erlendum uppruna. Skráningarnar gætu því nýst til þess að sjá hvar áhugi og styrkleikar þessara barna lægju og til að gefa betri mynd af félagslegri og námslegri stöðu þeirra í leikskólanum. Guðrún, sem er þroskaþjálfari, orðaði ákvörðun þeirra og skipulag námssöguskráninganna svona: „Við ákváðum bara að einbeita okkur að tvítyngdu börnunum og velja eitt barn fyrir hvern og einn starfsmann, skrá námssögur, fara yfir þær saman á deildarfundum og hugsuðum hvað var að gerast í hverri og einni sögu...“ Í þessu sambandi komu fram tvö meginþemu sem tengjast nýtingu tækni við skráningar og hvernig þátttakendur náðu að skrá styrkleika barna.

Nýting tækni við skráningar

Til að byrja með notuðust þátttakendur við blandaðar aðferðir við að skrá námssögurnar, ýmist með því að handskrifa í bók og hreinskrifa í tölvu eða skrá beint í spjaldtölvuna. Fljótlega sýndu þeir Book Creator-smáforritinu áhuga en þeir höfðu áður notast við spjaldtölvu til þess að skrá raðbækur og vildu halda áfram að vinna með þá nálgun. Í Book Creator er hægt að setja inn texta, myndir, hljóð og upptökur til þess að útbúa ýmsar tegundir af bókum og skráningum. Starfsfólkið ákvað að hjálpast að við að skrá sögurnar í spjaldtölvuna. Þátttakendur höfðu þó mismikla reynslu af því að nota slíka tækni og einhverjir kviðu því að nota spjaldtölvuna eins og kom fram hjá Maríu, leiðbeinanda: „Ég var mjög óörugg fyrst, svo kemur þetta bara með æfingunni.“ Smám saman fundu þátttakendurnir hver sína leið til að vinna námssögurnar í spjaldtölvuna en flestir skráðu beint inn í Book Creator-forritið. María, leiðbeinandi, sagði: „Ég vann þetta þannig að ég skrifaði fyrst niður í bókina mína, sat bara með barninu og fylgdist með og skrifaði niður, tók svo mynd og skrifaði svo textann inn á iPadinn eftir á.“

Allir þátttakendur voru fljótir að læra á forritið, fannst gott að nota spjaldtölvurnar til að skrá námssögurnar og hafa þær allar aðgengilegar á sama stað í spjaldtölvunni. Guðrún, þroskaþjálfari, sagði: „[við] settum allt upp í iPadinn sem var mjög þægilegt því þá var þetta allt á einum stað þannig... iPadinn reyndist mjög vel, þá var bara hægt að setja myndir og video og texta allt í eitt.“

Þátttakendur voru sammála um gagnsemi þess að styðjast við Book Creator-forritið, þeir töldu það þægilegt í notkun og auk þess urðu námssögurnar aðgengilegar í spjaldtölvunni fyrir allt starfsfólk leikskólans, ekki aðeins þann sem skráði hverju sinni.

Að ná að skrá styrkleika barnsins

Námssögurnar sjálfar tóku verulegum breytingum í gegnum ferlið. Í fyrstu voru þær heldur neikvæðar og einblíndu til dæmis á óæskilega hegðun barna sem starfsfólkið vildi vinna frekar með. Þetta kom fram í viðtali við Önnu, sem starfaði sem leiðbeinandi: „Fyrstu námssögurnar sem við gerðum allar, þá vorum við að rýna í eitthvað svona neikvætt.“

Þetta kom einnig fram við greiningu gagnanna. Í einni skráningunni mátti sjá barn sem átti mjög erfitt með að sitja kyrrt og taka þátt í samverustundinni. Sú skráning varpaði því frekar neikvæðu ljósi á athafnir barnsins og gaf engar upplýsingar um styrkleika eða áhugasvið eins og markmiðið með námssögum ætti að vera, heldur þveröfugt.

Miklar umræður sköpuðust um fyrstu skráningar hópsins á deildarfundi. Rætt var um mikilvægi þess að vera meðvitaður um það sem vinna þarf með hjá hverju barni, eins og hegðunar- eða samskiptaörðugleika. Aftur á móti væru námssöguskráningarnar ef til vill ekki rétta leiðin til þess að halda utan um þær upplýsingar því að markmiðið með þeim væri að sjá styrkleika barnsins. Í leikskólanum væri notast við annars konar mat eins og AHA-skráningar til þess að skrá það sem þyrfti að bæta hjá barninu og því ekki þörf á að skrá það í námssögurnar. Eftir þessar umræður innan hópsins um fyrstu skráningarnar, voru sett markmið um að skoða og skrá frekar aðra þætti, eins og styrkleika, áhugasvið og hneigð barnsins til náms. Anna, leiðbeinandi, lýsti sínum fyrstu skrifum í skráningum svona:

Ég held að vegna þess að ég misskildi verkefnið rosalega mikið í byrjun, vissi ekki alveg nógu mikið hvað ég átti að vera að gera og byrjaði þarna, eins og ég sagði, alltaf að horfa á eitthvað svona neikvætt, eitthvað svona neikvætt í aðstæðum...Af því að við náttúrulega vissum ekki strax að við værum að skoða styrkleika...

Þessi þróun á skráningum námssagnanna gerði það að verkum að frásagnirnar sem fylgdu myndunum styttest og urðu hnitmiðaðri. Í fyrstu skráði starfsfólkið langar frásagnir af því sem gerðist og hafði yfirleitt eina mynd með. Eftir að hafa prófað sig áfram með námssagnagerðina fóru þátttakendur að leyfa myndunum frekar að tala sínu máli og höfðu styttri frásagnir með til þess að lýsa nánar aðstæðum og því sem fram fór. Þessi breyting gerði vinnslu námssagnanna auðveldari þar sem styttri tíma tók að skrá og greina frásagnirnar. Þannig varð skráning og úrvinnsla hnitmiðaðri og meiri áhersla var lögð á að greina það sem gerðist á myndunum og ígrunda með samstarfsfólki. Þetta kom m.a. fram hjá Maríu, leiðbeinanda: „...eins og einhver sagði, var kannski nóg að taka bara myndir, maður getur lesið svo mikið úr myndum. Þarf ekki að hafa mikinn texta, en mér fannst einhvern veginn vera meira innihald að hafa meiri texta og færri myndir.“

Framtíðarsýn um mat á námi og vellíðan

Í lokin litu þátttakendur til baka og mátu verkefnið og veltu einnig fyrir sér hvort þeir myndu nota aðferð námssagna áfram við mat í leikskólanum. Niðurstöðurnar sýna að öllum þátttakendum fannst mikilvægt að fylgjast með námi og vellíðan barna en voru hins vegar ekki sammála um hvort þeir vildu halda áfram að nota námssögur til þess. Annars vegar komu fram um margt jákvæð viðhorf þátttakenda í leikskólanum gagnvart notkun námssöguskráninga. Heilt yfir voru þátttakendur jákvæðir gagnvart námssögum og töldu þær vera góða aðferð til þess að meta nám og vellíðan barna. Starfsfólkið taldi þó ekki raunhæft að halda áfram að nýta námssöguskráningar nema ef ákveðið yrði að fara enn dýpra í að greina þær. Einhverjir nefndu þó að hægt væri að nýta skráningar í öðru formi en nefndu engin dæmi um það. Guðrún, þroskaþjálfari, talaði um mikilvægi þess að ræða saman:

Við náttúrulega prófuðum þessa einu aðferð, að nota námssögur, og fannst hún virka vel. Svo fannst mér hjálpa að ræða saman, starfsfólkið, því við höfðum mismunandi sýn og vorum að sjá ólíka hluti. Mér fannst það líka mikilvægast, að eiga samræður og skrá niður.

Guðrún hélt áfram og ræddi um hvernig hugmyndir starfsfólks deildarinnar um námssögur breyttust eftir að það hafði prófað að nýta þær:

Ég hélt kannski að það kæmi ekkert rosalega mikið út úr þessum sögum, því við höfðum ekkert verið að prófa þetta áður, þetta var alveg nýtt fyrir okkur. En þegar maður er búinn að sjá eitthvað sem maður hefur aldrei séð þá sér maður alveg að þetta [námssögurnar] virkar, þetta er alveg aðferð sem hægt er að nota.

Þegar rætt var um hvernig nýta mætti lærdóm af þátttöku í verkefninu kom fram að þátttakendur sáu að hægt væri að nota námssöguskráningarnar í frekari vinnu með börnunum og í samstarfi

á milli deilda. Þeir töldu að ef skráningar yrðu gerðar á yngri deildum myndi starfsfólkið á eldri deildum hafa meiri upplýsingar um áhuga og styrkleika barnanna þegar þau flyttust yfir til þeirra. Þátttakendur sáu einnig fyrir sér að hægt væri að nýta sögurnar til þess að efla foreldrasamstarf, gera starfið sýnilegra og auðvelda samskipti við foreldra. Guðrún, þroskaþjálfari, ræddi um námssögur í tengslum við foreldrasamstarf við erlenda foreldra:

Væri auðvitað hægt að hafa það á foreldrafundi til dæmis, sumir af þessum foreldrum, sem við vorum að taka [foreldraviðtöl við], tala enga íslensku og enga ensku þannig það er ótrúlega erfitt að eiga þessi daglegu samskipti og þau vita ekkert hvað er að gerast hérna. Þau stundum verða bara að treysta á að barninu líði vel og að allt gangi vel, þannig að þetta er frábært tæki til að taka með á foreldrafund og sýna bara virkilega, það gengur svona, honum eða henni leið svona. Af því maður sér það bara svart á hvítu á myndunum og öllu þessu. Getur sagt frá með aðstoð frá túlki þannig að allir skilji hvað fram fer.

Niðurstöðurnar sýna aftur á móti að þátttakendurnir sáu einnig ýmsar hindranir varðandi notkun námssöguskráninga. Þeir sýndu flestir áhuga á að þróa námssöguskráningar áfram en helstu fyrirstöðuna töldu þeir vera tímaleysi og skort á spjaldtölvum. María, leiðbeinandi, nefndi að það væri mikilvægt að skoða forsendur fyrir áframhaldandi vinnu með námssögurnar: „...ég vil fá einn iPad á mann, þá gæti þetta verið möguleiki, en það er ekki eins og staðan er í dag. Ég held það sé, já, frekar áhugi heldur en að það séu forsendur fyrir því.“ Hún vonaðist til þess að breytingar yrðu á þessu í framtíðinni og nefndi að tíminn spilaði þar stórt hlutverk: „En fyrst og fremst er þetta bara kannski tíminn sem maður þarf og helst myndi ég vilja að það væri hægt að skrá svona hvert einasta barn, en kannski verður það framtíðin, maður veit það ekki.“ Í viðtali við Helgu leikskólastjóra í lok rannsóknar kom fram að hún taldi námssöguskráningar ekki vera neina töfralausn þrátt fyrir að vera sniðuga aðferð. Leikskólastjórinn taldi frekar þörf á að skerpa á þeim matsaðferðum, sem þegar væru til staðar í leikskólanum, og að það væri helst á ábyrgð hópstjóra að fylgjast með líðan barnanna í hópnum.

Breytt sýn á börn af erlendum uppruna

Til þess að ráða betur við verkefnið og ná skarpari fókusi var ákveðið að þrengja viðfangsefnið og skrá aðeins námssögur um börn af erlendum uppruna. Þessi ákvörðun var mikilvæg þar sem viðfangsefnið að skrá námssögur reyndist flestum þátttakendum afar krefjandi. Á sama tíma var mikil áskorun til staðar í leikskólanum að mæta börnum af erlendum uppruna þar sem starfsfólki fannst það skorta nálganir sem tækju tillit til ólíks bakgrunns barna. Börnin á deildinni áttu uppruna að rekja til ólíkra landa og komu frá ólíkum menningarheimum.

Þrátt fyrir að viðfangsefnið hafi þótt krefjandi í upphafi voru þátttakendur ánægðir með að hafa valið að einblína á þennan barnahóp. Þátttakendur töldu sig hafa lært svo mikið af því að fylgjast með þeim og jafnvel mun meira en ef þeir hefðu valið einhvern annan barnahóp. Guðrún, sem er menntuð sem þroskaþjálfari, lýsti þessu svona:

...þetta með tvítyngdu börnin var bara að reynast okkur vel því það er svo hátt hlutfall af tvítyngdum börnum hérna og það er svo gaman að sjá hvernig þau eru að plumma sig í aðstæðum hérna af því þau voru öll svo ólík, þessi börn sem við tókum, sum tala ekki neitt, önnur eru lengra komin, þau eru öll svo mismunandi...

Í gögnunum birtust fjögur meginþemu sem tengdust breyttri sýn á börn af erlendum uppruna.

Að lesa í líkamstjáningu

Í leikskólanum voru börn sem tjáðu sig lítið sem ekkert á íslensku, og þurftu þátttakendur því að læra að lesa í annars konar tjáningu en talað mál. Þetta kom fram í viðtali við Maríu, leiðbeinanda:

...við vorum með erlent barn sem á við svona tjáningarerfiðleika að stríða eins og með mál. Og það var svolítið erfitt...en það var mjög lærdómsríkt...Af því hann hefur ekki málið, varð ég að nota rosalega mikið svipbrigði, horfði mikið á það hjá honum og það er svona svolítið gott tæki.

Guðrún, þroskaþjálfari, bætti við að starfsfólkið hefði byrjað að fylgjast meira með líkamstjáningu og hvernig börnin sem höfðu erlendan uppruna brugðust við öðrum börnum í leik. Hún lýsir því hvernig starfsfólkið áttaði sig á hvernig líkamstjáning barnanna gat gefið þeim upplýsingar um stöðu þeirra og þroska:

Já, við vorum í rauninni bara að fylgjast með hvað þau voru að gera, líkamstjáningin, ef þessi hættir að hlaupa hættir þá hinn líka að hlaupa? Eru þau öll í sama leiknum?...þannig að við vorum alveg að fylgjast með miklu meira en orðunum. Maður hélt að maður fengi svo mikið bara úr orðunum, að maður fengi allt úr því en það var ekkert þannig.

Að læra að horfa á styrkleika barnanna

Þegar líða tók á verkefnið mátti greina mikla hugarfarsbreytingu hjá þátttakendum, því þeim tókst að einbeita sér að styrkleikum barnanna við gerð námssagnanna. Leiðbeinandinn Anna lýsir þessari þróun þannig:

...það kom mér á óvart svona þegar ég sá hvaða styrkleika hún hefði. Mér fannst það svoldið gaman að sjá...Bara að svona opna augun fyrir styrkleikum barnanna. Reyna að horfa frekar í þá heldur en kannski þú veist eitthvað annað...Það er svolítið gaman að þegar maður nær að opna augun og svona breyta aðeins hugsunarhættinum. Þannig að það er svolítið flott að vera farin að gera það, að skoða styrkleika.

Með þessu móti virtust námssöguskráningarnar hjálpa starfsfólkinu við að beina athyglinni að styrkleikum barna af erlendum uppruna. Björk, sem starfaði sem leiðbeinandi, og kom inn í verkefnið í miðju ferli þess, lýsti því til dæmis hvernig námssögurnar hefðu hjálpað sér í samskiptum við einn dreng í hennar hópi. Hún taldi að það hefði jafnvel verið auðveldara að þróa skráningar með öðru barni sem átti auðveldara með að tjá sig með orðum. Hins vegar hefði hún ekki viljað missa af þeirri reynslu sem hún fékk við að skrá námssögu um þennan dreng þar sem hún taldi sig hafa lært mikið af þeirri reynslu:

...þetta hefur hjálpað mér alveg helling í samskiptum við minn stráka...í mínum hóp...ef ég hefði verið að gera þetta [skrá námssögu] með öðru barni í hópnum mínum, sem ég kannski skil nú þegar nógu vel og sem getur tjáð sig nógu vel og á ekkert í vandræðum með að segja mér, hvað hann vill eða hvað er að, og er ekkert í vandræðum með að útskýra fyrir mér af hverju hann ætti að taka þátt, það hefði verið allt öðruvísi verkefni. Og þá hefði ég örugglega ekki fengið jafn mikið út úr því heldur.

Þátttakendur töluðu einnig um að með því að beina athyglinni að styrkleikum barnanna, væri auðveldara að styrkja börnin frekar á þeim sviðum þar sem þau væru ekki eins sterk. Sigríður, deildarstjóri með sálfræðimenntun, orðaði þetta svona:

Alla vega eins og hjá þessum börnum, sem við vorum að einblína á, að þá fannst mér... maður svolítið sjá að þó að maður var að einblína á styrkleika og allt þetta að þá fannst manni maður líka alveg sjá veikleika og hvar er í rauninni hægt að efla barnið enn þá frekar.

Í ljós kom að starfsfólkið virtist hafa ýmsar fyrirfram ákveðnar hugmyndir um börnin áður en það byrjaði að skrá námssögurnar. Guðrún, þroskaþjálfari, ræddi þetta í viðtali:

Það komu alveg alls konar hugmyndir þarna í upphafi, hvernig á ég að fara að sjá eitthvað jákvætt út úr þessu, þessi er alltaf með læti, þessi er alltaf svona og hinsegin sem það var síðan ekkert. Það voru alveg einstaklingar þarna sem voru alveg með hugmyndir um að þeir gætu ekki fylgt leiknum og eitthvað, skilurðu, sem stóðst síðan ekkert. Þeir bara fylgdu leiknum bara flott og voru í leiknum með hinum og gekk bara rosavel.

Þónokkur breyting varð á hugmyndum starfsfólks varðandi þætti sem taldir voru ókostir í fari barnanna og jafnvel lítið á sem hegðunarvandamál. Þegar líða tók á verkefnið urðu þessir þættir í raun að styrkleikum í augum þátttakenda frekar en ókostir. Anna, leiðbeinandi, lýsir þessari þróun vel:

...með börnin, sem að ég vann með, þá komu bara í ljós styrkleikar sem að ég hafði ekki hugmynd um í rauninni og eins eitthvað sem að ég hélt kannski að væri svona neikvætt innan gæsalappa ...þá sá ég styrkleika, ákveðna styrkleika í því sem hún gæti notað í framtíðinni, ef hún myndi læra að vinna með þessa styrkleika.

Niðurstöðurnar sýna því að starfsfólkið hlaut nýja og jákvæðari sýn á atferli barnahópsins eftir að skráning námssagnanna hófst. Guðrún, þroskaþjálfari, lýsti því á skýran hátt:

...[við] fengum dálítið nýja sýn á þessi börn sem við vorum að taka fyrir...því sum af þessum börnum er dálítið erfitt að eiga í samskiptum við því þau tala litla íslensku og maður á erfitt með að skilja. Þannig að það var ótrúlega fróðlegt að fylgjast með og horfa á hvað var að gerast þegar þau voru bara í einhverju sem þau voru að njóta sín í, ekki bara einhverju sem við vorum að leggja fyrir þau.

Mikilvægi samstarfs starfsfólks við úrvinnslu námssagna

Í gegnum úrvinnslu skráninganna – og þá helst með samræðum við samstarfsfólk um skráningarnar – fannst þátttakendum þeir fá meiri og fjölbreyttari upplýsingar um börnin. T.d. sagði María sem starfaði sem leiðbeinandi á deildinni: „Mér fannst voða gott, eins og við gerðum síðast, að fá svona álit hjá öðrum. Hvernig sérð þú þetta barn? Og þá bara, já! Þarna er eitthvað sem hún sá sem ég sá ekki.“ Einnig nefndu þátttakendur að í gegnum þessar umræður hefðu þeir náð að kynnast betur þeim börnum sem aðrir skráðu námssögur um. Þannig lýsti Björk, leiðbeinandi, samræðum við samstarfsfólk, þar sem fór fram ígrundun á námssögum, með þessum orðum: „Ég lærði betur á öll börnin, eða þú veist, fór kannski að skilja þau öll betur... Þegar við lásurnar hjá hvert öðru þá svona fannst mér ég kynnast öllum þessum krökkum mikið betur.“

Góð leið til að fylgjast með námi í gegnum leik

Að lokum sýna niðurstöðurnar að námssöguskráningarnar gáfu þátttakendum tækifæri til þess að fylgjast betur með börnunum í frjálsum leik og gera sér grein fyrir náminu sem átti sér stað þar. Segja má að námssöguskráningarnar hafi opnað augu þátttakenda fyrir mikilvægi þess að fylgjast með frjálsum leik allra barna og greina hvað þar fari fram. Guðrún, þroskaþjálfari, lýsti því hvernig henni fannst þessi áhersla standa upp úr í verkefninu:

Mér finnst eiginlega gagnlegast að sjá þessa hluti sem maður sér ekki venjulega, eða sem maður er ekkert að pæla í kannski venjulega. Að fylgjast virkilega með í leiknum, hvað er að gerast í leiknum, hvernig þeim líður þegar þau eru að leika sér, því það er alltaf svo mikið annað að gera ...þannig maður er alltaf að nýta tímann sem best. Þannig að maður gleymir kannski stundum að fylgjast með...mér finnst það örugglega áhugaverðast, hvað maður sá, maður hélt kannski að maður myndi ekki sjá neitt.

Niðurstöðurnar sýna að breytingar urðu á sýn þátttakenda á börn af erlendum uppruna bæði í tengslum við styrkleika barnanna og í tengslum við eigin starfshætti.

Áhrifaþættir í ferli starfendarannsóknarinnar

Þessi starfendarannsókn var hluti af stærra rannsóknarverkefni og því er áhugavert að draga fram þá þætti sem höfðu áhrif á framvindu. Í fyrsta lagi er óhætt að segja að óstöðugleiki í starfsmannahópnum hafi haft mest áhrif á ferlið. Á miðju tímabilinu dattu tveir þátttakendur út og þrír aðrir komu inn í stað þeirra. Þessar aðstæður juku álag á þátttakendur bæði í hinu hefðbundna leikskólastarfi og í tengslum við starfendarannsóknina. Fræðsla og undirbúningur fyrir verkefnið hafði farið fram löngu áður og því þurftu þeir sem bættust inn í hópinn að reyna að ná upp því sem þeir sem fyrir voru höfðu unnið og lært. Þar sem nýju þátttakendurnir höfðu ekki tekið þátt í mótun verkefnisins má velta því fyrir sér hvort þeir hafi talið sig eiga nóg í verkefninu til þess að geta tekið fullan þátt í því. Fram kom í viðtölum við þá að þeim fannst verkefnið ekki vera þeirra heldur að þeim hefði verið úthlutað því. Björk, leiðbeinandi, lýsti þessu vel: „...ég náttúrulega kom bara í janúar inn í mitt verkefni og var alveg út úr kú...“ Innri áhugavöt og drifkraftur leiddi því síður þessa nýju þátttakendur áfram í verkefninu, heldur einkenndist þátttaka þeirra fremur af skyldurækni. Kristín, leikskólakennari, sem einnig kom inn í mitt verkefnið lýsti þessu þannig:

...Mér fannst þetta þínu íþyngjandi...ég var alltaf að hugsa um það. Og ég var alltaf með samviskubít að vera ekki að sinna þessu...Það hefði kannski þurft að vera örar svona pressa, þá hefði þetta verið árangursríkara. Á meðan þetta var bara, já hún kemur eftir 3 vikur, þetta lullaðist bara einhvern veginn áfram. Svo þegar það var gerð alveg krafa að þetta yrði gert fyrir þennan dag af því þetta var að verða búið, þá spýttu allir í lófana og fóru að kynna sér þetta, eins og þetta hefði átt að vera í upphafi.

Guðrún, þroskaþjálfari, talaði einnig um að koma rannsakanda á vettvang hefði ýtt undir námssöguskráningarnar hjá þeim: „...Við hefðum örugglega gert mjög lítið ef þú hefðir ekki komið sko, jafnvel bara ekki neitt. Af því við vorum í raun allar að læra að gera þetta, við höfðum ekkert gert þetta skilurðu, við vissum í rauninni ekkert hvað við værum að fara að gera...“

Í lokin kom fram að vegna þessa höfðu ekki allir þátttakendur verið búnir að átta sig nægilega vel á mikilvægi viðfangsefnisins og af hverju það hefði verið valið. Þetta kom meðal annars fram í orðum Önnu, leiðbeinanda, þegar hún sagði: „...Ég veit ekki hver ástæðan á bak við þetta var, að taka þessi tvítýngdu. Ég bara hreinlega veit það ekki.“

Eftir mannabreytingarnar tók tíma að koma verkefninu aftur af stað en þegar allir komust áfram með verkefnið gekk samstarfið vel. Guðrún, þroskaþjálfari, lýsti því hvernig þetta gekk fyrir sig og hvernig skilningur á mikilvægi viðfangsefnisins ýtti undir áhugann til að vinna verkefnið:

Já, þetta náttúrulega tók dálítinn tíma að komast í gang en þegar þetta fór af stað þá gekk það vel. Ég held að fólk hafi almennt verið ánægt þegar það fattaði hvað við værum að fara að gera. Þetta varð spennandi þegar það hætti að vera einhvers konar kvöð. Því þetta byrjaði dálítið þannig. Þetta var svona kvöð að þú varðst að gera þetta. Svo náttúrulega komu veikindi og alls konar vesen. Og það bættist við nýtt fólk þannig að það þurfti að kynna það fyrir verkefninu og allt það. Þannig að það tók dálítið langan tíma að komast af stað en þetta gekk mjög vel þegar við duttum í gírinn.

Þessi orð Guðrúnar sýna að allir þátttakendur hefðu þurft á meiri stuðningi að halda meðan á verkefninu stóð. Það var greinileg þörf á meiri eftirfylgni.

Í öðru lagi virtist reynsluleysi starfsfólksins af skráningum hafa haft mikil áhrif á hvernig vinnan í starfendarannsókninni gekk. Fæstir þátttakendanna höfðu reynslu af skráningum og því tók það nokkurn tíma í upphafi fyrir þá að temja sér vinnubrögð skráninga. Námssögur voru alveg nýtt fyrirbæri fyrir þátttakendur og því þurfti einnig tíma til þess að meðtaka hvað fælist í námssagnagerð. Eftir nokkra æfingu náði hópurinn þó vel utan um viðfangsefnið.

Í þriðja lagi hafði skortur á tíma mikil áhrif á framvindu starfendarannsóknarinnar, en allir þátttakendur nefndu að tímaskortur hefði haft áhrif á hvernig þeim gekk að skrá og á það hversu mikið var skráð. Þetta kom greinilega fram í viðtölum við alla þátttakendur. Til dæmis sagði Sigríður, deildarstjóri með sálfræðimenntun: „Það virtist alltaf vera erfitt að finna tíma eða gefa sér tíma ... til þess að venja sig á að nota þetta.“ Anna, leiðbeinandi, var sammála og sagði: „Mér fannst svona vanta upp á það að maður finni tíma.“ María, leiðbeinandi, ræddi tímaskortinn einnig og sagðist hafa tekið vinnuna með sér heim: „Ég vann þetta líka bara svolítið heima. Því það gafst ekki alltaf tími hérna.“

Í þessu samhengi sýna niðurstöðurnar að stíft dagskipulag virtist hafa áhrif á hvort tími gæfist í skráningarnar. María talaði um að lítið rými væri til að halda skráningar vegna of stífs skipulags yfir daginn: „Það [að skrá] er náttúrulega mjög góð leið en að sama skapi þá hefur maður kannski ekki tíma ... maður er alltaf á klukkunni og þetta er allt í föstum skorðum...“

Um ræða

Markmið rannsóknarinnar var að þátttakendur myndu velja matsaðferð til þess að meta nám og vellíðan barna og ná tókum á að nýta hana í starfi og þróa í takt við áherslur leikskólans. Þátttakendur ákváðu að prófa sig áfram með námssöguskráningar og sýna niðurstöðurnar að sú aðferð getur nýst vel til þess að meta nám og vellíðan barna í leikskóla. Sérstök áhersla var lögð á að meta nám og vellíðan barna af erlendum uppruna þar sem sá hópur hefur stækkað töluvert í leikskólanum sem hér er fjallað um og starfsfólkinu fannst mikilvægt að finna leiðir til að kynna þeim börnum sérstaklega. Gerð hefur verið grein fyrir niðurstöðum út frá þremur meginþemum sem birtust í gögnum.

Fyrsta þemað sem niðurstöðurnar sýndu snerist um hugmyndir þátttakenda í leikskólanum um hvað væri mikilvægast að meta. Töluverð breyting var þarna á og í lok verkefnisins taldi starfsfólkið upp þætti sem tengjast líðan barna í meira mæli en í upphafi. Þátttakan í verkefninu hafði þó mismikil áhrif á hugmyndir starfsfólksins um *mat á námi og vellíðan barna* almennt. Þeir sem höfðu meiri menntun og starfsreynslu höfðu meiri þekkingu á mati, sterkari skoðun á því í upphafi verkefnisins og töldu hugmyndir sínar um mat lítið eða jafnvel ekkert hafa breyst við þátttöku í verkefninu. Leiðbeinendur og reynsluminni starfsmenn töldu hugmyndir sínar um mat á námi og vellíðan hafa breyst mikið og þá aðallega vegna þess að í upphafi verkefnisins vissu þeir lítið eða ekkert um hvað mat var. Í rannsókn Söru Margrétar Ólafsdóttur og Bryndísar Gardarsdóttur (2016) komu þessi áhrif verkefnisins á leiðbeinendurna einnig fram en þeir töldu sig hafa lært mikið af þátttöku sinni í rannsókninni.

Í öðru lagi kom greinilega fram hvernig námssöguskráningarnar þróuðust í leikskólanum í gegnum ferlið. Í upphafi var horft of mikið á neikvæða hegðun barnanna sem hugsanlega skýrist af því að stuðst hafði verið við matsaðferðir sem beina athygli starfsfólks frekar að neikvæðum atriðum í hegðun barnanna, eins og AHA-skráningar til dæmis. Eftir að starfsfólk hafði rætt saman og ígrundað fyrstu námssögurnar, tóku þær miklum breytingum og meiri áhersla var lögð á að draga fram áhuga og styrkleika barnanna. Textar í skráningunum fóru úr löngum lýsingum yfir í styttri lýsandi texta og innihéldu um leið meiri greiningu kennaranna á því sem lesa mátti úr sögunum. Þá tóku myndirnar einnig að leika stærra hlutverk í skráningunum og auðveldaði það þátttakendum að skrá og greina sögurnar. Í fyrstu notuðu þátttakendur blandaðar aðferðir við skráningu námssagnanna en samræmdu síðan vinnubrögð sín með því að skrá sögurnar alfarið í forritinu Book Creator þegar leið á verkefnið.

Í samræmi við markmið námssagna var stefnt að því að nýta upplýsingarnar úr matinu til þess að styðja við nám einstakra barna, barnahópsins og við skipulag skólstarfsins. Ekki var þó ljóst að hvaða marki námssöguskráningarnar voru nýttar til þess að styðja börnin í athöfnum sínum. Þátttaka barna í skráningunum var ekki til staðar og ekki var leitað eftir sjónarmiðum þeirra við úrvinnslu skráninganna eins og stefnt skal að í námssöguskráningum. Svipaðar niðurstöður hafa

einnig komið fram í fyrri rannsóknnum hér á landi (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012) og áhugavert er að velta fyrir sér hvort þessi þáttur hefði þróast frekar, hefði rannsóknin staðið yfir í lengri tíma. Mikilvægur þáttur í námssöguskráningum er að veita foreldrum innsýn í skólastarfið (Carr, 2001). Ekki náðist þó að fá foreldra í samstarf og fá fram þeirra upplifun af skráningunum meðan á verkefninu stóð.

Í þriðja lagi sýndu niðurstöðurnar greinilega að verkefnið hafði áhrif á sýn starfsfólksins til barna af erlendum uppruna. Það var krefjandi fyrir þátttakendur að skrá námssögur um þennan tiltekna barnahóp þar sem mörg barnanna tjáðu sig lítið á íslensku. Þátttakendur lærðu því að lesa í annars konar tjáningu en talað mál, en megintilgangur námssöguskráninga er einmitt að lesa í ólíka tjáningu barna (Carr, 2001, 2011). Í öðrum rannsóknnum hefur líka komið fram að skráningarnar hafi auðveldað starfsfólki að hlusta eftir sjónarmiðum barnanna (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Jafnframt opnuðu skráningarnar augu starfsfólksins fyrir mikilvægi þess að fylgjast með frjálsum leik barna og náminu sem fer þar fram (Carr, 2001).

Einnig mátti greina hugarfarsbreytingu hjá þátttakendum í tengslum við verkefnið. Eftir að hafa náð tökum á að skrá námssögur og ígrundað þær, var greinilegt að starfsfólkið sá styrkleika barnanna skýrar. Þátttakendur fóru jafnframt að sjá hvernig þeir gátu nýtt þessa styrkleika til þess að efla börnin á öðrum sviðum og sáu að sumir eiginleikar, sem þeir töldu áður vera neikvæða í fari barnanna, voru í raun styrkleikar ef unnið var rétt með þá. Þessi nýja sýn á börnin og mikilvægi ígrundunar hefur einnig komið fram í niðurstöðum annarra rannsókna (Alnervik, 2018; Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008). Því má segja að starfsfólk hafi byrjað að koma auga á duldar auðlindir barnanna, með því að líta á þær sem styrkleika, og um leið hafi opnaðist möguleiki fyrir það að virkja þessar auðlindir í námi barnanna. Þetta er mikilvægt þar sem að það getur styrkt sjálfmynd barna og haft valdeflandi áhrif á þau (Hafís Guðjónsdóttir o.fl., 2016).

Aftur á móti var athyglisvert og jafnvel áhyggjuefni að sjá hversu langan tíma það tók suma þátttakendurna að greina og skrá styrkleika barnanna. Það styður þó við mikilvægi þess að gefa sér tíma til undirbúnings starfendarannsókna (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2016). Einn þátttakendanna nefndi að erfitt hefði verið að skilja verkefnið í upphafi og átta sig á hverjar áherslur námssagnanna væru. Þó að markmið starfendarannsókna og skráning námssagna hefði verið kynnt vel í upphafi þá er mikilvægt að viðhalda þeirri umræðu í gegnum ferlið á markvissan hátt.

Í starfendarannsóknnum sem þessum þurfa þátttakendur að fá tíma og rými til umræðna og þá skiptir stuðningur frá stjórnendum einnig miklu máli (Gordon, 2008). Í rannsókn Buldu (2010) kemur fram að þegar starfsfólk tekur upp skráningar sem matstæki þarf að skapa námsumhverfi sem hvetur til samskipta og samstarfs við samstarfsfólk og einnig við foreldra. Þá er samstarf leikskólakennara mikilvægt og stuðningur stjórnenda nauðsynlegur þegar matsaðferðirnar eru þróaðar áfram. Jafnframt er mikilvægt að meta ferlið og þegar litið er til baka á framkvæmd rannsóknarinnar má sjá þætti sem hefði þurft að vinna betur með. Það vöknudu því upp ýmsar spurningar sem vert væri að leita svara við. Til dæmis hefði verið áhugavert að finna betri leiðir til þess að

- stuðla að því að allir þátttakendur fyndu fyrir eignarhaldi á verkefninu
- stuðla að og viðhalda sameiginlegri sýn allra þátttakenda á markmið og gildi rannsóknarinnar
- stuðla að sjálfbærni verkefnisins; að það festist í sessi og yrði hluti af menningu leikskólans
- hafa aðkomu stjórnenda í verkefninu skýrari og hvert þeirra hlutverk væri í að koma því á laggirnar.

Drátt fyrir erfiðar aðstæður náðu þátttakendur í leikskólanum að halda verkefninu til streitu og vinna með námssögurnar. Þeir náðu ekki að gera eins mikið og þeir vildu og þeim fannst þeir aðeins vera komnir á skrið þegar gagnaöflun lauk. Þó að leiðarljós leikskólastarfsins og námssöguskráningarnar virtust falla vel hvort að öðru náðu þátttakendur ekki að tengja þessa þætti saman og aðlaga námssöguskráningarnar að leikskólastarfinu. Draga má ýmsar ályktanir af því hvernig þetta verkefni gekk fyrir sig. Það getur tekið tíma fyrir fólk að tileinka sér ákveðin vinnubrögð og aðlaga þau starfinu. Ýmis önnur verkefni eru í gangi í leikskólum og því mikilvægt að stilla væntingum og markmiðum í hóf þegar bætt er við nýjum verkefnum. Í leikskólastarfi þarf að veita og meta hvaða verkefni starfsfólki finnst mikilvægt að vinna að og hvort hægt sé að aðlaga viðfangsefnið vel að starfi leikskólans.

Áberandi var hvað leiðbeinendur styrktust við þátttöku í verkefninu en það hefur einnig komið fram í niðurstöðum sambærilegra rannsókna hérlandis (Jóhanna Einarsdóttir, 2016). Þeir fengu meiri innsýn í fræðin og sýndu viðfangsefninu áhuga. Þeir sýndu meiri skilning á viðfangsefninu í lokin og höfðu myndað sér sterkari skoðanir á því. Þeir höfðu lært nýjar aðferðir, tileinkað sér ný vinnubrögð, ásamt því að vera jákvæðari gagnvart því að halda verkefninu áfram. Þátttakan virtist því einnig hafa valdeflandi áhrif á leiðbeinendurna. Eitt af einkennum starfendarannsókna er einmitt að kennarar vinna að úrbótum á starfsháttum sem þeir sjálfir vilja breyta og bæta. Þannig hafa starfendarannsóknir reynst valdeflandi fyrir kennara (Koshy, 2010).

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að þrátt fyrir að í *Aðalnámskrá leikskóla* (2012) sé kveðið á um að allir leikskólar eigi að þróa aðferðir til þess að meta nám, þroska og velferð barna og skýrt sé tekið fram hvernig þetta mat eigi að fara fram þá virðast leikskólakennarar telja sig hafa val um að framfylgja þessum ákvæðum til hlítar. Í þáttökuleikskólanum fór fram ýmiss konar mat á þroska og námi barna, en að mestu var um að ræða skráningu í staðlaða matslista sem leikskólakennarar eða sérkennarar lögðu fyrir börnin án aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga. Ekki virtist annars konar einstaklingsmiðað mat, sem beint var að áhuga og vellíðan barna og byggðist á þátttöku og ígrundun annars starfsfólks, foreldra og barna, hafa fest sig í sessi í leikskólanum. Þar virtist skorta samstarf á milli starfsfólks, foreldra og barna við skráningu og greiningu matsins eins og *Aðalnámskrá leikskóla* kveður þó á um (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Eins og fram hefur komið þá hafði tímaskortur mikil áhrif á getu starfsfólks til þess að skrá og ígrunda sem jafnframt getur skýrt notkun staðlaðra matslista í stað skráninga sem gætu tekið meiri tíma. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að tímaskortur er helsta áskorunin sem þátttakendur í starfendarannsóknum takast á við og að mikilvægt sé að líta á þáttökuna sem hluta af starfinu frekar en að um sé að ræða aukaverkefni sem bætist við starfið og tekur tíma frá öðrum verkefnum (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2016; Postholm, 2009). Þá sýna niðurstöður annarra rannsókna einnig að starfsfólk þarf mikinn stuðning frá hvert öðru og stjórnendum, auk tíma til að tileinka sér námssöguskráningar (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015).

Einnig má velta fyrir sér hvort viðhorf stjórnenda hafi ekki mikil áhrif í þessum efnum en eins og fram hefur komið virtist leikskólastjóri leikskólans í þessari rannsókn ekki sjá tilgang í að bæta námssögum við það mat sem fyrir var í leikskólanum. Út frá þessu má draga þá ályktun að leikskólastjóri hafi ekki séð sama ávinning og þátttakendur við að draga fram styrkleika barnanna í gegnum námssöguskráningar. Í annarri starfendarannsókn, sem framkvæmd var hér á landi, töldu meistaranemar að stjórnendur leikskólanna gegndu lykilhlutverki í rannsókninni. Hlutverk þeirra fælist í skipulagningu verkefnisins með starfsfólki, ásamt því að vera styðjandi og veita verkefninu svigrúm innan skólans. Þá skipti stuðningur leikskólastjóra miklu máli þegar þróa skyldi verkefnið áfram í leikskólanum eftir rannsóknarlok (Jóhanna Einarsdóttir, 2016).

Áhugaverður lærdómur sem draga má af rannsókninni

Leiða má hugann að því hvað niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna um mat í leikskólastarfi almennt á Íslandi. Sú spurning vaknar hvort þær matsaðferðir, sem almennt eru

notaðar í leikskólum, meti í raun og veru nám og vellíðan barna eins og þeim ber að gera samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla*. Einnig þarf að skoða hvort matsaðferðirnar taki tillit til fjölbreytts menningarlegs bakgrunns, tungumáls og þarfa sífellt margbreytilegri barnahóps í leikskólanum.

Í þessari rannsókn kom skýrt í ljós að leiðbeinendur voru fullfærir um að gera námssöguskráningar og ígrunda þær með samstarfsfólki sínu, fengju þeir stuðning til þess. Þeir sýndu skráningunum áhuga og töldu mikilvægt að meta nám og vellíðan barna. Sú spurning er áleitin hvers vegna þeir fá ekki að taka virkari þátt í mati á námi barnanna og hvernig hægt er að stuðla að aukinni þátttöku þeirra í matinu. Þar sem mikill meirihluti þátttakenda þessarar rannsóknar voru leiðbeinendur, gefa niðurstöðurnar ýmsar upplýsingar um sjónarmið þessa hóps og stöðu þeirra í leikskólum, sem vert er að skoða nánar. Til dæmis virðist vera mikil þörf fyrir aukna fræðslu til leiðbeinenda um *mat á námi og vellíðan barna*. Í upphafi verkefnisins vissu margir leiðbeinendanna ekki hvað mat væri og greinilegt var að þeir höfðu ekki tekið þátt í að móta það eða framkvæma. Einn leiðbeinendanna nefndi að hann vildi fá að taka meiri þátt í að meta nám barnanna því það væri hann sem þyrfti að framfylgja því sem kæmi út úr matinu með sínum barnahóp. Í rannsókninni kom fram að áður hafði *mat á námi og vellíðan barna* aðeins verið framkvæmt af leikskólakennurum eða öðrum með sérfræðimenntun en ekki lögð áhersla á að deila upplýsingum með leiðbeinendum nema í sérstökum tilvikum. Áhugavert er að velta fyrir sér hvort slíkt fyrirkomulag sé æskilegt í leikskólum þar sem mikill meirihluti starfsfólks eru leiðbeinendur. Þeir sem eru með börnunum inni á deild þurfa að vera meðvitaðir um það nám sem á sér stað hjá barnahópnum, hvar áhugi barnanna liggur og hvernig þeim líður.

Lokaorð

Að lokinni rannsókninni er áhugavert að leiða hugann að starfsháttum, skipulagi og áherslum leikskóla. Mikil þörf er á að leikskólakennarar og leiðbeinendur fái tíma til umræðna og ígrundunar en slíkt virðist ekki vera í forgangi í dagskipulagi leikskólans. Mikilvægt er að velta þessu fyrir sér því þetta er stór og mikilvægur þáttur í að þróa farsælt leikskólastarf og lærdómssamfélagið innan leikskólans. Leikskólar þurfa því að endurskoða sitt eigið skipulag út frá stefnu í skólanámskrá og *Aðalnámskrá leikskóla*, auk þess að forgangsraða verkefnum þannig að þeir þættir, sem taldir eru mikilvægastir, komist að. Of stíft dagskipulag getur verið hamlandi þegar starfsfólk er að prófa sig áfram með nýjar aðferðir.

Margir leikskólar eru með þetta dagskrá vegna m.a. hinna mörgu verkefna sem unnið er að sem öll þurfa að fá sinn tíma. Mörgum þessara verkefna fylgja kennsluáætlanir, hugmyndabankar eða aðrar leiðbeiningar sem getur virst auðvelt að fara eftir. Áhugavert væri að kanna hver áhrif þátttöku í þessum verkefnum eru á starfshætti leikskólakennara og leiðbeinenda því í verkefninu sem hér hefur verið greint frá, kom fram ákall eftir tilbúinni aðferð, uppskrift að þeirri einu réttu – sem ekki er til. Þar sem engin uppskrift var til staðar voru þátttakendur óöruggir og hræddir við að prófa sig áfram og gera mistök, sem er nauðsynlegt í slíku þróunarferli. Hræðsla við að skrá námssögur hefur einnig komið fram í fyrri íslenskri rannsókn (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Ekki verður dregið í efa ágæti áðurnefndra verkefna. Hins vegar vaknar sú spurning hvort í sumum leikskólum séu ef til vill of mörg ólík verkefni í gangi á sama tíma. Spyrja má hvort ekki sé hætt við að fjöldi verkefna verði til þess að þau missi marks, hvorki sé farið nógu djúpt í þau né þau unnin til hlítar.

Ef til vill er til staðar utanaðkomandi þrýstingur frá sveitarfélögum eða foreldrum í þá veru að taka upp tiltekin verkefni í leikskólum. Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið lögð á að gera leikskólastarf sýnilegra og fjölmörg velheppnuð verkefni, stefnur og starfshættir komið fram í sviðsljósið. Hins vegar þarf að skoða vel hvaða verkefni falla að starfi og stefnu hvers leikskóla áður en þau eru innleidd. Það þurfa ekki allir leikskólar að vinna eins, jafnvel þó þeir vinni að sömu markmiðum. Leikskólakennarar þurfa að treysta sinni fagþekkingu, hafa sjálfstraust til þess að vinna eftir eigin starfskenningu og þróa leikskólastarfið út frá sérþekkingu innan leikskólans.

“Most useful to see these things that you don’t usually see”: Assessing learning and wellbeing of children with multicultural background

This article describes a collaborative action research project carried out in one preschool in a neighboring municipality of Reykjavík, as part of more extensive collaborative research conducted in five preschools. The aim of this study was to support participating preschool teachers and assistant teachers, in developing a method to assess children’s learning and wellbeing. The participants in this study decided to use Learning Stories as a method and focused their documenting on a group of children with multicultural background. They chose this focus since the numbers of preschool children with multicultural background are increasing and the teachers found it challenging to assess their learning and wellbeing. Therefore, they needed new methods to understand children with multicultural background in order to be able to meet their needs and support their learning. Furthermore, emphasis was placed on monitoring and documenting the process of change that took place throughout the action research. The participants were interviewed in the beginning and at the end of the project, to obtain their views on assessment of learning and wellbeing, as well as on assessment methods, and on play and learning in the preschool. Moreover, the participants were asked about their opinions on assessment in multicultural preschool settings. The participants also kept diaries during the action research process.

The findings of the study can be divided into three categories. Firstly, the findings show how the learning stories developed during the action research process. Secondly, it was clear that the project influenced the preschool teachers’ and assistant teachers’ views on children with multicultural background. Thirdly, the findings show that the teachers’ ideas on the assessment of learning and wellbeing in general, changed through participation in the action research.

The study shows that learning stories can be a useful method to assess children’s learning and wellbeing in a multicultural setting. In addition to reading into children’s oral expression, the teachers learned to interpret children’s different modes of communication, such as gestures and facial expressions. In this way the documentation helped the participants to listen to children’s perspectives and to note their strengths and interests.

In the beginning of this study the teachers considered factors relating to children’s development, knowledge and behavior as being the most important features to assess. At the end of the study, however, the teachers’ attitudes had changed and they found it more important to assess aspects relating to children’s wellbeing.

Participating in the study was found to have a significantly stronger impact on the assistant teachers than on the preschool teachers, especially in relation to their views towards assessment. The main reason for this could be that the preschool teachers had a pre-existing knowledge of assessment whereas the assistants did not.

Concerning the research process, it was clear that the participating teachers found it important to have solid support while working on the project. Staff turnover during the process had a negative effect on its development. Another impediment was lack of time for trying out new methods for assessment.

The study suggests the need for further research in the field of assessments in preschool settings. The authors highlight the importance of looking closely at how the working day is scheduled in Icelandic preschools. It is important for preschool teachers and other staff members to have time to reflect on their practice and discuss it among themselves. This should be part of the daily preschool routine. The findings of this

study support the importance of the preschool principals' role in projects such as this. The principals should give teachers time and opportunities for reflection which leads to professional development and improvement of practice. Finally, the research supports findings from earlier studies which show that action research is an effective approach when working on professional development and practice improvements.

Key words: Preschool, action research, multicultural, learning stories, assessment, learning, wellbeing

Um höfundana

Agnes Gústafsdóttir (agg37@hi.is) er meistaranemi í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (ios@hi.is) er lektor í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa einkum fjallað um starf leikskólakennara og faglega þróun þeirra í gegnum starfendarannsóknir. Ingibjörg Ósk hefur tekið þátt nokkrum starfendarannsóknarverkefnum um ólík viðfangsefni í tengslum við leikskólastarf.

About the authors

Agnes Gústafsdóttir (agg37@hi.is) is an M.Ed. student in preschool teacher education at The Faculty of Education and Pedagogy, University of Iceland.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (ios@hi.is) is an assistant professor in preschool pedagogy at The Faculty of Education and Pedagogy, University of Iceland. Her research field is preschool teachers' practice and their professional development through action research. Ingibjörg Ósk has taken part in several action research projects focusing on different topics in relation to preschool practice.

Heimildir

- Alnervik, K. (2018). Systematic documentation: Structures and tools in a practice of communicative documentation. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 19(1), 72–84. doi:10.1177/1463949118762147
- Alvestad, T. and Sheridan, S. (2015). Preschool teachers' perspectives on planning and documentation in preschool. *Early Child Development and Care*, 185(3), 377–392. doi:10.1080/03004430.2014.929861
- Anna-Lind Pétursdóttir, Lucinda Árnadóttir og Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir. (2012). Úr sérúrræði í almenna skólastofu: Virknimat og stuðningsáætlun sem verkfæri í skóla án aðgreiningar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/002.pdf>
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn.“ *Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Reykjavík.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2004). Fjölmenningarstarf í leikskóla: Af þróunarverkefni og rannsókn. *Netla – Vefúmarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2004/011/index.htm>
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2000). Menntun tvítyngdra barna. *Málfregni*, 10(19), 11–15.

- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101.
- Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2012). Skráning námssagna: Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 99–119). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Buldu, M. (2010). Making learning visible in kindergarten classrooms: Pedagogical documentation as a formative assessment technique. *Teaching and Teacher Education*, 26(7), 1439–1449.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood education: Learning stories*. London: Paul Chapman.
- Carr, M. (2002). Emerging learning narratives: A perspective from early childhood education. Í G. Wells og G. Claxton (ritstjórar), *Learning for life in the 21st century* (bls. 99–111). Oxford: Blackwell.
- Carr, M. (2011). Young children reflecting on their learning; Teachers' conversation strategies. *Early Years*, 31(3), 257–270.
- Carr, M. (2014). Play and playfulness: Issues of assessment. Í L. Brooker, M. Blaise og S. Edwards (ritstjórar), *The SAGE handbook of play and learning in early childhood* (bls. 264–276). London: SAGE.
- Dyson, A. H. (2015). The search for inclusion: Deficit discourse and the erasure of childhoods. *Language Arts*, 92(3), 199–207.
- Gordon, S. P. (2008). The power of collaborative action research. Í S. P. Gordon (ritstjóri), *Collaborative action research: Developing professional learning communities* (bls. 1–12). New York: Teachers College Press.
- Hafðís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir. (2016). Námsrými byggð á auðlindum nemenda. *Sérít Netlu 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlætis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/003.pdf
- Hafðís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2009). „Látum þúsund blóm blómstra“: Stefnuörkun um skóla án aðgreiningar. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 61–77.
- Hafðís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2010). Kennsla í fjölbreyttum nemendahópi. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastaf* (bls. 187–205). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998–2016. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur/SKO01103.px/chart/chartViewColumn/?rxid=3c3ed678-8653-4884-8262-51d67f2d3129
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmennningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11(1), 51–80.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/012.pdf>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2012). Empowering diverse teachers for diverse learners: A program in international studies in education and its implications for diverse school settings. Í A. Honingsfeld og A. Cohan (ritstjórar), *Breaking the mold of education for culturally and linguistically diverse students: Innovative and successful practices for the 21st century* (bls. 229–236). New York: Rowman og Littlefield.
- Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir. (2016). Fjölmennningarlegt leikskólastarf. Þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum. *Sérít Netlu 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlætis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/006.pdf
- Hermína Gunnþórsdóttir. (2016). „Mitt barn passar bara ekki inn í þetta kerfi“ – Sjónarhorn mæðra barna sem þurfa mikinn stuðning til náms. *Glæður*, 26(1), 30–40.
- Hólmfríður Árnadóttir, Íris Hrönn Kristinsdóttir, Rannveig Oddsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir. (2016). *Læsihugtakið og námsumhverfið í leikskólanum: Að koma til móts við nýja kynslóð*. Sótt af <https://www.msha.is/static/files/krogabol-skysla-2015-2016.pdf>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2016). An action research study in an Icelandic pre-school: Developing consensus about values and values education. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 162–177. doi:10.1007/s13158-016-0161-5

- Jóhanna Einarsdóttir. (2016). Starfendarannsóknin Leikum, lærum, lifum. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Um grunnþætti menntunar í leikskólatastafi* (bls. 31–54). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Koshy, V. (2010). *Action research for improving educational practice. A step by step guide*. London: SAGE.
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2015). Námssögur: Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2008). Námssögur: Styrkleikar og færni leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólatastafi* (bls. 49–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Mashford-Scott, A., Church, A. og Tayler, C. (2012). Seeking children's perspectives on their wellbeing in early childhood settings. *International Journal of Early Childhood*, 44(3), 231–247. doi:10.1007/s13158-012-0069-7
- McNiff, J. (2010). *Action research for professional development: Concise advice for new and experienced action researchers*. Dorset: September Books.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámsskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Reykjavík: Höfundur.
- Peters, S. (2009). Responsive, reciprocal relationships: The heart of the Te Whāriki curriculum. Í T. Papatheodorou og J. Moyles (ritstjórar), *Learning together in the early years: Exploring relational pedagogy* (bls. 23–32). London: Routledge.
- Postholm, M. B. (2009). Research and development work: Developing teachers as researchers or just teachers? *Educational Action Research*, 17(4), 551–565. doi:10.1080/09650790903309425
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Skráning*. Sótt af <https://reykjavik.is/allir-med/skraning>
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskóla: Samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Um grunnþætti menntunar í leikskólatastafi* (bls. 31–54). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Sigrún Arna Elvarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. (2014). Sérkennsla í nýju ljósi: Frá aðgreiningu til samvinnu. *Glæður*, 24(1), 51–61.
- Þuríður Sigurðardóttir, Anna María Frímansdóttir, Margrét Sigmarsdóttir og Edda Vikar Guðmundsdóttir. (2018). *SMT Styðjandi skólaferni á Íslandi: Uppbygging og skipulag þjónustu*. Sótt af <http://www.pmtio.is/wordpress/wp-content/uploads/2018/05/SMT-Uppbygging-og-skipulag-me%C3%B0-fylgisk-j%C3%B6lum-20.-04.-2018.pdf>



Agnes Gústafsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2020).

„Gagnlegast að sjá þessa hluti sem maður sér ekki venjulega“: Starfendarannsókn um mat á námi og vellíðan leikskólabarna af erlendum uppruna

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/mat_nam_vellidan_barna_leikskoli/06.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.6>